

# Næturgalinn

í leikgerð Rannveigar Þorkelsdóttur

## Sena 1

### **Sögumaður**

Það muntu vita að í Kína er keisarinn Kínverji og allir þeir sem hann hefur í kringum sig eru Kínverjar. Mörg ár eru liðin síðan þetta var en einmitt þess vegna er gott að heyra söguna aftur áður en hún gleymist. Höll keisarans var glæsilegasta höll í heimi.

### **Sögumaður**

Í aldingarði keisarans mátti sjá undarlegustu blóm og á sumum blómunum voru bundnar fallegar silfurbjöllur til þess að þeir sem fram hjá fóru mættu taka eftir þeim. Já, allt í garði keisarans var merkilegt enda náði skógurinn alla leið að bláu hafinu og þar var svo djúpt að skip gátu siglt undir greinarnar.

### **Sögumaður**

En í þeim átti heima næturgali einn sem söng svo unaðslega að fiskimennirnir sem höfðu þó svo mikið að gera létu staðar numið og hlustuðu.

### **Fiskimenn:**

Ó, hvað þetta er fallett!

### **Sögumaður**

Frá öllum heimsins löndum komu ferðamenn til borgarinnar og dáðust að höllinni og lystigarðinum en þegar þeir heyrðu til næturgalans þá sögðu allir sem einn.

### **Ferðamenn:**

Vá, hann er frábær. Hann er bestur af öllum.



### **Sögumaður**

Og ferðamennirnir sögðu frá næturgalanum, borginni, höllinni og lystigarðinum þegar þeir komu heim og það voru skrifaðar margar bækur um dýrðina. En fegurstu kvæðin voru öll um næturgalann í skóginum sem söng svo fallega.

### **Sögumaður**

Bækurnar og kvæðin bárust um allan heim og sumt endaði hjá keisaranum sjálfum. Hann sat á gullstólnum sínum og las og las. Hann var ánægður með lýsinguna á borginni, höllinni og garðinum en næturgalinn var þó bestur af öllu.

### **Keisarinn:**

Hvað er þetta? Næturgalinn! Ekki þekki ég hann. Er slíkur fugl hér í ríki mínu og ég hef aldrei heyrt um hann? Hirðgæðingur, komdu strax.

Hér á að vera mjög merkilegur fugl sem nefnist næturgali. Því hefur mér aldrei verið sagt frá honum?

### **Hirðgæðingur**

Ég hef aldrei heyrt á hann minnst. Hann hefur aldrei verið sýndur hér við hirðina.

### **Keisarinn:**

Ég vil að hann komi hér í kvöld og syngi fyrir mig. Það veit allur heimurinn hvað ég á nema ég sjálfur.

### **Hirðgæðingur**

Ég hef heldur aldrei heyrt hann nefndan, en við skulum leita af honum og finna hann fyrir þig.

### **Keisarinn:**

Já, ég vil hlýða á næturgalann í kvöld. Ef það ekki gerist verður öll hirðin mín lamin á magann að loknum kvöldverði.

### Sena 2:

### **Sögumaður**

Hirðgæðingarnir leituðu nú út um allan garðinn en fundu ekki neitt.

Loksins hittu þeir unga stúlku sem vann í eldhúsinu og þeir spurðu hana hvort hún vissi hvar næturgalinn héldi sig.

### **Stúlkan:**

Mikil ósköp. Jú, ég þekki næturgalann mjög vel. Sá getur nú sungið. Ég hef haft leyfi til að fara með smá matarafanga til mömmu minnar sem býr niður við sjóinn. Svo þegar ég er á heimleið og verð þreytt og hvíli mig í skóginum þá heyri ég hann syngja. Mér vöknar um augun af því það er svo fallegt. Það er eins



og hún mamma mín sé að kyssa mig.

### **Hirðgæðingur**

Heyrðu litla eldastúlka, ég skal útvega þér fasta stöðu í matreiðsluhúsinu og leyfi til að sjá keisarann borða ef þú getur fylgt okkur til næturgalans því hann er kvaddur til hirðarinnar í kvöld.

### **Sögumaður**

Nú lagði allur hópurinn af stað út í skóginn að leita að næturgalanum. Þegar þau höfðu gengið um hríð fór kýr nokkur að baula.

### **Kýr**

### **Hirðgæðingur**

O, þarna höfum við hann. Það er merkilegt hvað það er mikil orka í svona litlum fugli. Ég er nú samt viss um að ég hef heyrt í honum áður.

### **Stúlka:**

Nei, þetta eru kýrnar sem eru að baula. Við erum ekki komin.

### **froskar**

### **Prestur:**

Indælt, nú heyri ég til hans. Hann hljómar eins og litlar kirkjuklukkur.

### **Stúlkan:**

Nei, þetta eru froskarnir en nú geri ég ráð fyrir að við heyrum í honum. Þetta er hann og þarna situr hann.

### **Hirðgæðingur 3:**

Getur það verið? Ekki hafði ég hugsað mér hann svona. Hann er lítilfjörlegur í sjón. Hann hefur örugglega skipt litum við að sjá svona marga tignarlega menn í kringum sig.

### **Stúlka:**

Næturgali litli, okkar náðugi keisari vill að þú syngir fyrir sig.

### **Næturgalinn:**

Með mestu ánægju.

**Hirðgæðingur**

Þetta er eins og glerklukkur. Mikið er þetta fallet. Það er merkilegt að við skulum aldrei hafa heyrt til hans áður.

**Næturgalinn:**

Á ég að syngja aftur fyrir keisarann?

**Hirðgæðingur**

Minn ágæti næturgali, þú átt að syngja í höllinni.

**Næturgalinn:**

Ég syng nú best hér í skóginum en fylgi yður fúslega ef keisarinn vill heyra mig syngja.

**Sögumaður**

Í höllinni var allt til reiðu. Í miðjum stóra salnum þar sem keisarinn sat var reistur gullteinn og á honum átti næturgalinn að sitja. Öll hirðin var þarna saman komin og litla stúlkan fékk meira að segja standa þarna hjá. Hvílíkur söngur.

**Keisarinn:**

Nú er ég glaður. Hér hefur þú gullmenið mitt til að bera um hálsinn.

**Næturgalinn**

Nei takk, ég hef séð tár í augum keisarans og það er dýrmætara en gull og gersemar. Keisaratár hefur mikið vald. Það veit guð að mér er nóg samlega launað.

Sena 3.**Sögumaður**

Já, það má með sanni segja að næturgalinn komst í gengið. Nú átti hann að vera innan hirðarinnar og átti hann að fá sérstaks búr. Hann fékk mikið frelsi og mátti ganga út tvisvar á daginn og einu sinni á nóttunni. Hann fékk fullt af þjónum sem allir höfðu silkiþráð um fót honum og héldu þeir í þræðina vel og fastlega.

**Maður**

Í allri borginni varð mönnum tíðrætt um þennan merkilega fugl og þegar tveir menn mættust sagði annar ekki annað en *Nætur*

**Maður**

*gali.* En einn dag kom stór pakki til keisarans og utan á honum stóð: Næturgali.

**Póstmaður:** Kemur með pakka.

**Keisarinn:**

Hvað er þetta, önnur bók um fræga fuglinn okkar? Nei, hvað er þetta. Þetta er smíðaður fugl, svakalega er hann fallegur. Sjáið, hann er alsettur demöntum, rúbínnum og safirum. En skyldi hann geta sungið?

**Maður**

Nú verða þeir að syngja saman.

**Sögumaður**

Nú voru fuglarnir látnir syngja saman en það gekk ekki sem best. Hlustið þið.

**Tónmeistarinn:**

Þetta er ekki gervifuglinum að kenna. Hann er einstaklega taktviss og útlærður úr mínum skóla.

**Sögumaður**

Nú var gervifuglinn látinn syngja einn. Þrjátíu og þrisvar sinnum söng hann eitt og sama lagið og varð samt ekki þreyttur.

**Keisarinn**

Þetta er nú ágætt en ég vil líka heyra í lifandi næturgala syngja. En hvar er hann? Er hann farinn, sá er vanþakklátur.

**Maður**

Þetta er allt í lagi, við höfum sem betur fer betri fuglinn. Því þér sjáið, keisari góður, að hjá náttúrulega næturgalanum verður aldrei reiknað út hvað hann muni syngja en hjá gervifuglinum er allt niðurskorið þannig að söngurinn verður alltaf eins.

**Sögumaður**

Keisarinn vildi að alþýðufólkið heyrði gervifuglinn syngja. Menn urðu mjög hrifnir og sögðu:

**Maður**

Þetta er fallett en það vantar samt eitthvað. Ég bara veit ekki hvað það er.

### **Sögumaður**

Náttúrulegi næturgalinn var nú gerður útlægur úr ríkinu. Gervifuglinn fékk nafnbótina hákeisaralegur náttborðssöngvari. Tuttugu og fimm bindi voru skráð um gervifuglinn. Þetta var svona hálærð og margorð ritsmið sem enginn skildi en allir sögðust hafa lesið.

### Sena 4

### **Sögumaður**

Svona leið heilt ár. Allir kunnu hverja nótu í sönglagi gervifuglsins.

### **Sögumaður**

Eitt kvöld, þegar fuglinn söng sem snjallast og keisarinn lá í rúmi sínu, þá heyrðust brestir og hljóð innan úr fuglinum.

### **Keisarinn:**

Hvað er að gerast? Sækið úrsmiðinn:

### **Úrsmiður:**

Já, nú er það svart. Fuglinn er orðin mjög slitinn og má hann bara syngja eina sinni á ári. Ef hann syngur oftar eyðileggst hann.

### **Sögumaður**

Nú liðu fimm ár. Keisarinn var orðinn mjög veikur. Hann lá kaldur og fögur í rúmi sínu. Hann átti mjög bágð Umhverfis keisarann voru verur sem voru sumar hverjar mjög ljótar en aðrar mjög blíðar og fallegar. Þetta voru hin illu og góðu verk sem keisarinn hafði gert um ævina. Rétt þar hjá horfði dauðinn á og beið eftir að geta tekið keisarann með sér.

### **Verur :**

Manstu eftir því, manstu eftir þessu?.

### **Draugar:**

Manstu þegar þú rakst næturgalann úr ríki þínu?

### **Dauðinn:**

**Keisarinn:**

Sönglist, sönglist syngdu fyrir mig fuglinn minn, bara einu sinni.

Syngdu fyrir mig, gerðu það.

Næturgalinn minn, þú komst aftur, Haltu áfram næturgali litli. Mikið er ég glaður.

Hafðu þökk fyrir, himneski fuglinn minn. Hvernig get ég launað þér? Ég lét flæma þig úr ríki mínu en samt kemur þú hingað til mín og syngur þegar ég þarf mest á því að halda.

**Næturgalinn:**

Þú ert búinn að launa mér fyrir langa löngu þegar ég sá tár í auga þér í fyrsta sinn sem ég söng. Því gleymi ég aldrei.

**Keisarinn:**

Viltu alltaf vera hjá mér fallegi fuglinn minn?

**Næturgalinn:**

Ég get ekki haldið til í höllinni en ef ég má koma þegar mig lystir þá skal ég sitja á trjágreininni kvöld og morgna og syngja fyrir þig svo þú verðir glaður. Ég skal syngja um þá sem eru hamingjusamir og um þá sem eru raunamæddir, um það illa í kringum þig og um það góða. En nú skaltu sofa.

**Sögumaður**

Og hann söng og söng þar til keisarinn sofnaði. Ó, hve sá svefn var sætur og endurnærandi.